



Þinggerð 22. Sambandsþings Íþróttasambands fatlaðra

haldið í Laugardalshöll 26. apríl 2025

1. Þingsetning

Jón Björn Ólafsson (JBO) bauð gesti velkomna til þings og þakkaði Snævari Emi Kristmannssyni fyrir tónlistarflutninginn.

Þórður Ární Hjaltested bauð þinggesti velkomna við 22. sambandsþing ÍF sem haldið var í Laugardalshöll 26. apríl 2025 og flutti setningarræðu formanns.

Setningarræða formanns:

Mennta- og barnamálaráðherra, Hr. Guðmundur Ingi Kristinsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, formaður og framkvæmdastjóri UMFÍ, Heiðursfélagi ÍF, formenn hagsmunasamtaka fatlaðra, þingfulltrúar, stjórn og starfsmenn ÍF og aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin til tuttugasta og annars þings ÍF frá stofnun þess 17. maí 1979. Starfsemi sambandsins er fjölbreytt og ávallt er að mörgu að hyggja, enda verkefnin margþætt. Starfsemin stendur á traustum fótum og er enn að styrkjast, og innlent móta hald hefur verið nokkuð hefðbundið frá 21. þungi ÍF sem halddið var fyrir tveimur árum.

Á síðustu tveimur árum höfum við tekið þátt í tveimur stórmótum, árið 2023 fóru fram Sumarheimsleikar Special Olympics í Berlín og 2024 fóru Paralympics leikarnir fram í París. Þessir tvennir leikar eru ávallt stærstu viðburðir íþróttar fatlaðra í hverri Ólympíuöðu, eins og 4 ára tímabilið frá afloknum Ólympíuleikum fram yfir næstu Ólympíuleika er oft nefnt. Í starfskýrslu má lesa meira um þessi stórmót. Í Berlín tóku þátt 30 keppendur sem kepptu í 10 mismunandi íþróttagreinum.

Afreksmenn ÍF eru að standa sig vel, vil ég nefna hér, að það að við skyldum eiga 5 þátttakendur á Paralympics leikunum er afrek út af fyrir sig og að auki settu 3 þeirra 4 ný Íslands met. Á alþjóðavettvangi er samkeppnin hörð og fjöldi iökenda sífellt að aukast og þjóðir leggja mikinn metnað í að sitt fólk nái árangri.

Ég vil hér fá að þakka ÍSÍ og afrekssjóði ÍSÍ fyrir gott samstarf síðastliðin 2 ár. Stuðningur afrekssjóðs ÍSÍ við afreksstarf ÍF hefur gert okkur kleift að standa enn betur við bakið á okkar afreksfólk. Það aukna fjármagn sem ríkið hefur sett í afreksstarf í landinu er að skila sér í öflugra afreksstarfi, en ljóst má vera að gera þarf enn betur og hefur ÍF stutt forystu ÍSÍ í að sækja meira fjármagn til ríkisins í þennan málaflokk.

Samstarfið við UMFÍ er farsælt og sterkt og þakka ég það. UMFÍ veitir okkur sterkan stuðning við almenningsíþróttir og Special Olympics verkefni. Dæmi um það má lesa í nýútgefnum Skinfaxa, tímariti UMFÍ.

Ég þakka öllum þeim aðilum sem við eignum í samstarfi við síðastliðin tvö ár, án þess væri starfsemin ekki eins öflug og raunin er. Ég vil geta þess að öllu jöfnu þá gerum við samstarfssamning við fyrtækni til 4 ára, frá nýju ári eftir sumar Paralympics leika og til áramóta eftir næstu leika þar á eftir. Allir samstarfsaðilar okkar síðustu 4 árin sem voru með lausa samninga við okkur hafa ákveðið að vera með okkur áfram fram yfir LA 2028. Þakka ég það, það er ekki sjálfgefið!

Í desember 2022 undirrituðu þrír ráðherrar undir verkefnislýsingu FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ÖLL – BRÚUM BILIÐ (Allir með!) sem er átaksverkefni til þriggja ára, 2023 – 2025, með það að markmiði að fylga iökendum íþróttar fatlaðra í landinu. Þetta er samstarfsverkefni ÍF, ÍSÍ og UMFÍ með ráðuneytin þrjú og ÖBÍ og Proskahjálp sem bakhjarla. ÍF hefur umsjón með verkinu og framkvæmd þess.

Valdimar Smári Gunnarsson var ráðinn í starfið og hóf hann störf hjá ÍF 1. janúar 2023. Forsta ÍF er sannfærð um að verkefnið sé að skila góðum árangri, en meginmarkmið þess

er aukin inngilding (inclusion) og byggist á því að gera alla íþróttahreyfinguna ábyrga fyrir framþróun sem byggir á inngildingu og að íþróttafélög landsins bjóði fatlaða velkomna til að stunda íþróttir í nærsamfélagi sínu.

Ljóst er í huga okkar, sem næst verkefninu stöndum, að það þarf lengri tíma til að þroskast og dafna, það hefur farið vel af stað, íþróttafélög vítt og breytt um landið eru jákvæð, nokkur komin af stað og önnur í startholunum, en mikilvægt er að hafa verkefnisstjóra yfir verkinu til að fylgja því eftir og veita stuðning.

Við, forysta ÍF, höfum óformlega rætt mögulegan áframhaldandi stuðning þessara þriggja ráðuneyta við verkefnið. Samkvæmt gildandi samning þá á verkefninu að ljúka um næstu áramót. En svona verkefni lýkur aldrei því við vitum að við þurfum að yfirstíga margar hindranir til að það megi raungerast að ná fullkominni inngildingu. Við áætlum að við séum þegar búin að ná að hækka þáttökutöluna um 50%, en það er jú fjölgun úr 4% í 6% fatlaðra barna á grunnskólaaldri 6 til 18 ára, en við viljum ná miklu hærra, en það næst ekki nema með eftifylgni og stuðningi við einstök verkefni sem íþróttahreyfingin í heild sinni vinnur að á komandi árum.

Valdimar Smári mun segja ykkur betur frá framvindu verkefnisins hér á eftir.

En aðeins um gildi slíkra verkefna. Í nýútgefnu tímariti Paraspot Danmark – sem ber heitið PARASPORT, er fjallað um rannsókn sem gerð var í Bretlandi um verðmæti þess fyrir samfélagið að þessi skilgreindi hópur, fatlaðir, sem áætlað er að sé 15% allrar heimsbyggðarinnar af Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni WHO stundi íþróttir eða líkamsrækt. Í þessari nýlegu rannsókn er niðurstaðan sú að hvert enskt pund sem sett sé í málaflokkinn skili til baka verðmætasköpun fyrir samfélagið upp á 4,5 pund sem fellst í að einstaklingar sem stunda íþróttir og líkamsrækt þurfa minni þjónustu heilbrigðiskerfisins, færri innlagnir og þurfa minna af lyfjum. Þeir eru almennt líklegrir til að lifa eðlilegu lífi í samfélagini og eru sjálfstæðari.

Í maí 2024 hófst má segja undirbúningur fyrir árið 2025 með ráðningu Melkorku Rán Hafliðadóttur, íþróttafraðings til starfa, en þá lá ljóst fyrir að Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri afreks- og fjármálasviðs hygðist hætta um áramótin 24/25 og fara á eftirlaun. Ólafur hefur starfað fyrir ÍF í 40 ár, en hann hóf störf hjá ÍF 1984. Þingfulltrúum og boðsgestum gefst kostur á að þakka Ólafi sérstaklega fyrir störf hans í móttöku honum til heiðurs hér síðar í dag.

En kæri félagi, Óli Magg, ég vil nota tækifærið hér á þessari stundu með því að færa þér smávægilega gjöf sem minna á þig á okkur sem starfað höfum með þér í gegnum öll þessi ár. Þér verður seint þakkað fullkomlega fyrir allt sem þú hefur gert fyrir ÍF, þú hefur verið vakinn og sofinn yfir starfsemi ÍF allan þann tíma sem þú hefur verið hér í forstu. Hafðu mikla þökk fyrir. Ég óska þér gæfuríkrar framtíðar og megin þú njóta þess að vera kominn á eftirlaun.

Ég bið þig Óli að koma hér til míni og taka við gjöfinni.

Að lokum vil ég fyrir hönd sambandsins enn og aftur þakka allan þann stuðning og velvild sem við höfum notið í gegnum tíðina. Einnig vil ég þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem komið hafa að starfi ÍF, þar eignum við marga trygga einstaklinga sem ávallit eru tilbúnir til að leggja málefnum lið og fórna tíma sínum í þágu íþróttastarfs fatlaðra. Hafið mikla þökk fyrir.

Starf stjórnar ÍF og starfsmanna hefur verið öflugt og farsælt í gegnum árin. Á starfstímabilinu fundaði stjórn sambandsins 19 sinnum. Starfsemi aðildarfélaga ÍF er öflugt. Ég þakka ykkur öllum störf ykkar, áhuga og elju í þágu íþróttta fatlaðra.

ÞÁH afhenti Ólafi Magnússyni þakkargjöf fyrir 40 ára starf hjá ÍF og bauð þinggesti svo að vera með í hófi að loknu þingi Óla til heiðurs. Í framhaldi afhenti ÞÁH Heiðursmerki ÍF.

Heiðursmerki ÍF

Gullmerki ÍF

Linda Kristín Kristinsdóttir, stjórnarmaður ÍF

Þór Jónsson, stjórnarmaður ÍF

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ



(Gullmerkishafar ÍF á þingi 2025, á myndina vantar Þór Jónsson)

- **Jón Heiðar Jónsson formaður Akurs** tók til máls og ásamt Sigríður Þórunn Jósepsdóttir varaformanni Akurs afhentu þau Þórði Árna Hjaltested og Önnu Karólínu Vilhjálmsdóttur gullmerki Akurs í tilefni afmælis ÍBA sem var á þessu ári.
- **Guðmundur Ingi Kristinsson Mennta og barnamálaráðherra** tók næstur til máls og ávarpaði þingið. Ræddi um mikilvægi starfsemi íþróttafélaga og allt sem því tengist.

- Næstur tók til máls **Andri Stefánsson** framkvæmdastjóri ÍSÍ sem ávarpaði þingið og þakkaði öllum fyrir vel unnin störf og ásamt Hafsteini Pálssyni varaforseta ÍSÍ afhentu þeir gullmerki ÍSÍ:

Gullmerki ÍSÍ

Helgi Þór Gunnarsson, borðtennisþjálfari.
Ásta Katrín Helgadóttir, frjálsíþróttanefnd ÍF



(Gullmerkishafar ÍSÍ við þing ÍF 2025)

- **Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ** tók næstur til máls og ávarpaði þingið. Þakkaði fyrir þann heiður sem honum var sýndur. Ánægjulegt að starfa með ÍF og finn fyrir miklum stuðningi og samstarf að gera betur, mikilvægt að stilla saman strengi. Verkefni ÍF og UMFÍ fara mjög vel saman.
- Næst tók til máls **Anna Lína** og kynnti verkefni YAP Leikskólafimi 2-6 fyrir leikskóla sem Ásta Katrín Helgadóttir íþróttakennari og Sigurlín Jóna Baldursdóttir íþróttakennari hafa unnið að. Verkefnið er styrkt af barna og menntamálaráðuneytinu og Special Olympics í Evrópu.
- **Valdimar Smári Gunnarsson** kynnti verkefnið “Allir með” og í lok kynningar var boðið upp á að skoða kerruna þar sem allir hjólastólarnir komast inn þökk sé Marel sem hannaði kerruna að innan.

Kaffihlé

2. Kosning þingforseta og þingritara

ÞÁH gerði það að tillögu sinni að Hafsteinn Pálsson (HP) yrði kjörinn þingforseti.

- Borin var upp tillaga stjórnar um Hafstein Pálsson sem þingforseta og var hún samþykkt samhljóða.
 - Borin var upp tillaga um þingritara Kristínu Guðmundsdóttur og Thelmu Dögg Grétarsdóttur, samþykkt samhljóða.
-

3. Kosning briggja manna kjörbréfanefndar

Tillaga var gerð um að kjörbréfanefnd skipuðu,

- Ófeigur Leifsson, HSK
- Björk Birgisdóttir, ÍBR
- Jenný Hólmsteinsdóttir, HSV

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Kjörbréfanefnd gerði grein fyrir störfum sínum:

44 fulltrúar eru mættir á þingið. 75 fulltrúar áttu rétt á þátttöku á þinginu

Kjörbréf frá 10 sambandsaðilum lágu fyrir.

Þingfulltrúar mættir:

HSK – áttu rétt á 7 fulltrúum, 7 mættu

HSV – áttu rétt á 3 fulltrúum, 2 mættu

HSÞ - áttu rétt á 3 fulltrúum, 3 mættu

ÍBA – áttu rétt á 7 fulltrúum, 3 mættu

ÍBH – áttu rétt 8 fulltrúum, 7 mættu

ÍBR – áttu rétt 16 fulltrúum, 10 mættu

ÍBV - áttu rétt á 3 fulltrúum, 2 mættu

ÍRB – áttu rétt á 7 fulltrúum, 3 mættu

UMSK - áttu rétt á 8 fulltrúum, 4 mættu

USAH - áttu rétt á 3 fulltrúum, 3 mættu

44 þingfulltrúar mættir

- Ófeigur Leifsson talsmaður nefndarinnar gerði grein fyrir störfum hennar og lagði til að ofangreind kjörbréf yrðu samþykkt og voru þau samþykkt samhljóða.
-

4. Lögð fram skýrsla stjórnar ([Pingskjal 1.0](#))

- Jón Björn Ólafsson (JBÓ) og Anna K. Vilhjálmsdóttir (AKV) starfsmenn ÍF fóru í stórum dráttum yfir skýrslu stjórnar ÍF sem hafði áður verið send sambandsaðilum.
 - Hafsteinn Pálsson (HP) þakkaði fyrir flutning skýrslu og sagði að umræður um skýrslu stjórnar yrðu teknar með umræðum um reikninga.
-

5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar ([Pingskjal 2.0](#)) ([Pingskjal 3.0](#))

- Ólafur Magnússon (ÓM) framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs ÍF fór í stórum dráttum yfir reikninga sambandsins. Bað fyrir kveðjur frá gjaldkera ÍF Halldóri Sævari Guðbergssyni sem komst því miður ekki. ÓM sagði rekstur ÍF í góðu jafnvægi, starfið væri öflugt og samstarfsaðilar ÍF ættu þar miklar þakkar skildar fyrir stuðning sinn við ÍF.

HP þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Pinghlé

6. Lögð fram fjárhagsáætlun ([Pingskjal 4.0](#))

- JBO gerði grein fyrir fjárhagsáætlunum 2025 og 2026.

- **HP** þingforseti gaf orðið laust, en ákveðið var að taka umræður í lokin með þingskjali 6.
-

7. Afreksstefna ÍF 2024-2032 ([Pingskjal 5.0](#))

- **JBO** gerði grein fyrir afreksstefnu ÍF
- **HP** þingforseti gaf orðið laust um afreksstefnu ÍF
- **Ófeigur Leifsson Suðra/Selfoss** sagði frá að þeir væru komnir með stól fyrir kúluvarp og hvort ekki væri hægt að fá þann möguleika inn í afreksstefnuna.
- **PÁH** útskýrði að allar greinar IPC liggja undir í afreksstefnu ÍF.

Samþykkt samhljóða

8. Reglugerð um skiptingu lottótekna ÍF ([Pingskjal 6.0](#))

- **PÁH** gerði grein fyrir þingskjali 6.0
- **HP** þingforseti gaf orðið laust
- **ÓM** útskýrði hugmynda á bakvið þessa nýju reglugerð.
- **Helga Olsen Ösp** - fyrirspurn varðandi mótin, þarf þetta að vera Íslandsleikar eða ?
- **PÁH** öll aðildarfélög geta rukkað á mótin sín, yfirleitt þegar ÍF heldur móti er ekki rukkað fyrir. En öll aðildarfélög geta sótt um styrk fyrir móti og stjórn ÍF myndi skoða.
- **Ingólfur ÍFR**, spurning hvort hægt væri að skipta eftir fjölda iökenda ?
- **PÁH**, svaraði Ingólf, þetta er einfaldari lausn og nýtist öllum sem eru að keppa t.d. á Íslandsmótum ÍF.
- **HP:** Umræðum lokið og tillagan lögð til samþykktar og var samþykkt með þorra atkvæðum gegn einu.
- **HP** þannig að það liggur þá fyrir að í fjárhagsáætlun breytist „Styrkveitingar til aðildarfélaga og einstaklinga“ verði „Styrkir til mótahalda“
- **HP**, orðið er laust um fjárhagsáætlunina með þeirri breytingu sem er komin.
- **Þróstur Firði**, talað um streymi sem kostnaður en nú er rukkað fyrir það streymi og er ÍF að fá einhvern hluta?

- **JBÓ**, nei þetta er kostnaður sem fellur til á mótinu vegna veitinga, leigu á skilrúnum og fleiru.
- **Ingólfur ÍFR**, hvað er að fara mikið í Kraft vegna mótahalda?
- **ÞÁH** samkvæmt ársreikningi frá því í fyrra voru þetta ca 5 milljónir sem er kostnaður á öllum ÍF mótum. Einnig er mismunandi hvar mótið er haldið hver kostnaðurinn er. Erum í samningaumræðum við Kraft, en erum ekki að borga fyrir dómgæslu eða annað. Erum að greiða ýmsan kostnað til sérsambandanna vegna mótahalda, t.d. í frjálsum íþróttum og fleira.
- **ÓM** ítrekar að fagmennskan sem við fáum með samstarfi við sérsamböndin leiðir til þess að mótin okkar eru samþykkt af IPC.

Samþykkt samhljóða

9. Önnur mál.

- **ÞÁH** óskaði eftir að því að undir liðnum önnur mál að heyra hvað félögin eru að gera.
- **Öspin** – Hildur Arnar og Helga Kristín Olsen veltu upp sínum vangaveltu - og þeirri áskorun sem Öspin stendur frammi fyrir núna þegar t.d. allir vilja vera í “almennu félagi” t.d. samstarf við Stjörnuna í fótbalta og þar er litur Stjörnutreyjunnar með Aspar merkinu. Breyta orðræðunni hjá okkur að frekar nota „íþróttir með auknum stuðningi“ en ekki segja „íþróttir án aðgreiningar“ Þurfum öll að hjálpast að til að ná öllum þessum börnum inn.
- **ÞÁH** þakkaði fyrir þessar hugleiðingar.
- **Suðri/ Selfoss** Ófeigur Leifsson, María Sigurjónsdóttir og Jóhanna Þorvarðardóttir sögðu frá að búið væri að “leggja niður” Suðra og sameinast við Selfoss. Starfið gengur vel og iðkendur að tengjast vel. En undir “föltluðu deildinni” sjá þeir um að skrá inn á t.d. Spec.OI en af hverju fórum við út í þetta - til að vera sýnilegri - þetta er tilraunaverkefni. Margt spennandi í gangi.
- **Ingólfur Arnarson, ÍFR** sagði frá íþrótt- og sundskólanum.
- **Tinna Karen og Hjördís frá dansféluginu Hvönn** sögðu frá sínu starfi, Danssamband Íslands komin með flokk fyrir fatlaða í keppni og þakka fyrir frábært samstarf við ÍF og hlakka til áframhaldandi samstarfs.
- **Sigríður Þórunn Jósepsdóttir, Akri** sagði frá kynningu sem hún hélt fyrir íbúa á Dalvík.
- **Bára og Stella körfuboltaþjálfarar hjá Haukum** - sögðu frá starfi sínu. Í auglýsingum frá þeim kemur skýrt fram að ekki þurfi greiningu. Öll börn eiga heima hjá þeim. Allir velkomnir.

- **Guðmundur Sigurðsson** frá Nes stendur fyrir kyndilhlaupi löggreglumanna. Hvernig getum við fengið Spec.Ol meira fram. Er hægt að fá samfélagsstjörnu til að koma inn og kynna starfið. Væri hægt að fá þáttinn með “Okkar augum” til að gera sér þátt um íþróttir fatlaða. Hvernig náum við sem flestum og til flestra?.
- **Snjólaug USAH** okkur vantar verkfærin og þekkinguna. Þið gætið byrjað hjá okkur!.

10. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga.

Fylgiskjal : [Tillaga](#)
[uppstillingarnefnda](#)

Tillaga kjörnefndar um stjórн ÍF 2025-2027:

Formaður Þórður Árni Hjaltested

Varaformaður Jóhann Arnarson

Meðstjórnendur

Halldór Sævar Guðbergsson
Linda K. Kristinsdóttir
Geir Sverrisson

Varastjórн

Eva Hrund Gunnarsdóttir
Ásta Katrín Helgadóttir
Theodór Karlsson

Samþykkt samhljóða

Skoðunarmenn reikninga:

Guðlaugur Guðmundsson
Hilmar Alfreðsson

Samþykkt samhljóða

- HP bauð nýkjörnum formanni ÞÁH að segja nokkur orð við þingslit.
-

12. Þingslit.

- **ÞÁH** - þakkaði fyrir gott þing og samstarfið. Þakkaði Þór Jónssyni fyrir starf sitt í stjórn ÍF og óskaði Theodóri Karlssyni til hamingju með kjörið í stjórn ÍF. Fram undan væri Norðurlandamótið í Boccia sem fer fram hér á Íslandi í maí. Margt á dagskrá og helstu mótin fara fram í Asíu í haust. ÞÁH óskaði þinggestum alls hins besta og góðs starfs heima í héraði.



Þingforseti



Kristín Guðmundsdóttir

Þingritari



Þingritari